

Aðalfundur LSG 26.5.2024

Fundarstjóri: Verharð Guðnason

1. *Skýrsla stjórnar*

Ingví Stígsson, formaður LSG, flutti skýrslu stjórnar LSG fyrir árið 2023. Sjá *viðauka 1*.

2. *Lagður fram endurskoðaður ársreikningur*

Margrét Katrín Guðnadóttir, gjaldkeri LSG, flutti skýrslu gjaldkera. Ársreikningurinn er fyrir árið 2023, 1.1. - 31.12. Tekjur voru samtals kr. 332.071 fyrir árið 2023. Gjöld voru kr. 35.732 fyrir árið 2023. Höfuðstóll eftir árið 2023 er kr. 2.265.655.

Sjá *viðauka 2*.

Engar umræður voru um skýrslu stjórnar eða reikninga.

Skýrsla stjórnar og reikningar fyrir árið 2023 voru samþykktir samhljóða.

3. *Lagabreytingar*

Laganefnd var skipuð af; Jakob Falar Garðarsson, Finnbjörn A. Hermannsson og Erling Ásgeirsson. Lögin eru á vefnum; www.hornstrandir.is. Engar lagabreytingartillögur voru settar fram á fundinum.

4. *Stjórnarkjör*

Varaformaður, tveir stjórnarmenn og einn varamaður voru kosin til tveggja ára 2022 og því er kosið í þau embætti nú: Sölvi Rúnar Sólbergsson sem varaformaður, Margrét Katrín Guðnadóttir í stjórn sem gjaldkeri, Finnbjörn A. Hermannsson sem stjórnarmaður og Jósef Vernharðsson sem varamaður í stjórn.

Voru þau samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

Formaður, stjórnarmaður og einn varamaður voru kosin til tveggja ára árið 2023 og sitja því áfram; Ingví Stígsson sem formaður, Gunnar H. Kristjánsson í stjórn sem ritari og Sigrún Þorvarðsdóttir sem varamaður í stjórn.

5. *Kjör tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara*

Jónína Vala Kristinsdóttir og Unnur Friðriksdóttir voru kosnar 2023 sem skoðunarmenn reikninga til tveggja ára. Skoðunarmenn til vara eru Jakob Falur Garðarsson og Sveinn Smáráson.

6. Tekin ákvörðun um árgjald félagsins

Tillaga kom um óbreytt árgjald kr. 1200.

Samþykkt samhljóða að halda árgjaldinu óbreyttu kr. 1200. Krafa verður stofnuð í heimabanka félagsmanna og því bætist við kostnaður vegna bankainnheimtu, u.þ.b. 300 kr. Samþykkt einróma.

7. Önnur mál:

Farið yfir drög að aðgerðaráætlun 2024 - 2028 fyrir Hornstrandafriðland.

Ástandsmat var unnið fyrir svæðið.

Rætt var almennt um viðhald á innviðum og vörðum og að halda gönguleiðum greiðfærum með viðeigandi aðgerðum.

Aðgengi að bryggju á Hesteyri var bætt. Brýr yfir Hesteyraá. Fræðsuskilti var sett upp við Horn.

Aðgerðaráætlun fyrir árið 2024;

- Aðgengi að bryggju á Hesteyri bætt
- Brýr yfir Hesteyrará
- Fræðsluskilti við Höfn í Hornvík
- Fræðslu og varúðarskilti við Straumnesfjall og Stekkeyri
- Lagfæring göngustígs við Tröllakamb milli Rekavíkur bak Hafnar og Hafnar í Hornvík
- Gönguleiðin milli Hesteyrar og Kjaransvíkur lagfærð.
- Aðgerðir til að hindra rof vegna ár og sjávar í kringum Læknishús og Búðina
- Flutningur á tjaldsvæði í Fljótavík skoðaður

Rætt um aðgerðaáætlun fyrir 2025;

- Lagfæring gönguleiðar um Svaðagjá í Hornvík
- Endurnýjun kamra
- Brattir kaflar í gönguleið milli Atlaskarðs og Hlöðuvíkur
- Pallur fyrir framan salernisaðstöðu á Hesteyri

- Breikka göngustíg um Hesteyri
- Vegpóstar á Sæbóli
- Tjaldsvæði í Fljótavík flutt

Rætt um aðgerðaráætlun fyrir 2026 – 2028

- 2026
 - Endurnýjun kamra
 - Brattir kaflar í gönguleið milli Hafnar í Hornvík og Veiðileysufjarðar lagaðir
 - Vegpóstar endurnýjaðir á Hesteyri og svæðinu þar í kring
- 2027
 - Endurnýja kamra
 - Fræðsluskilti um Glúmsstaði
- 2028
 - Endurnýjun kamra

Rætt var um aðalskipulagsvinnu. Fundir voru árið 2020. Þeir voru illa kynntir. Fundir voru haldnir um Hesteyri, Látra og Sæból.

Nauðsynlegt að halda þessa fundir aftur. Verkís er með verkefnið núna.

Jarðalög voru rædd lauslega.

Forkaupsréttur og erfðamál. Rædd lauslega.

Fenginn verður lögmaður til að ræða þessi mál og útskýra lögin og breytingar á þeim.

Fyrirsvarsmaður. Vernharð ræddi þetta fyrir Fljótavík. Margir eigendur eru með litla hluta og eignarhald mjög dreift.

Ingvi bað um skýrslu frá Sæbóli. Verið er að mynda landeigandafélag. Verið er að skipuleggja svæðið þannig hvert hús fái lóð í kringum húsið. Lóðrnar kringum húsin verði þá teknar út úr jörðinni og fái þá númer. Ekki byrjuð umræða um innviði, svo sem stíga og annað.

Einnig hefur verið umræða um að stofna landeigendafélag fyrir Sæból.

Alls sátu 22 manns fundinn, þar með taldir stjórnarmenn. Staðfesting fundargesta á setu sinni á Aðalfundi 2023 er í viðauka 3.

Fundi slitið kl. 18:00.

Gunnars H. Kristjánssonar, ritari LSG

Stjórn LSG

Ingvi Stígsson

Sölvi Rúnar Sólbergsson

Finnbjörn Aðalvíkingur Hermannsson

Gunnar H. Kristjánsson

Margrét Katrín Guðnadóttir

Horni, formaður

Hesteyri, varaformaður

Sæbóli og Efri Miðvík, meðstjórnandi

Látrum, ritari

Fljótavík, Gjaldkeri

Varamenn:

Jósef Vernharðsson

Sigrún Þorvarðsdóttir

Fljótavík

Látrum og Neðri-Miðvík

Aðalfundur Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps 26. maí 2024

Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið

31. maí 2023 til 25. maí 2024.

1. Aðalfundur LSG haldinn 31. maí 2022

Á aðalfundi 2023 voru eftirtaldir kjörnir til trúnaðarstarfa til tveggja ára:

- Ingvi Stígsson, formaður, Horni
- Gunnar Kristjánsson, ritari, Látrum
- Sigrún Þorvarðsdóttir, varmaður, Látrum og Neðri-Miðvík

Á aðalfundi 2022 voru eftirtaldir kjörnir til trúnaðarstarfa til tveggja ára og er kjörtímabili þeirra að ljúka nú:

- Sölvi Rúnar Sólbergsson, varaformaður, Hesteyri
- Margrét Guðnadóttir, gjaldkeri, Fljótavík
- Finnbjörn Hermannsson, meðstjórnandi, Sæbóli og Efri-Miðvík
- Jósef H. Vernharðsson, varamaður, Fljótavík

Skoðunarmenn reikninga voru kosin til tveggja ára 2023:

- Jónína Vala Kristinsdóttir, Sæbóli Aðalvík
- Unnur Friðriksdóttir, Látrum Aðalvík

Til vara

- Sveinn Smáráson, Þverdal
- Jakob Falur Garðarsson, Kvíum

Verkaskipting stjórnar hélst óbreytt.

2. Stjórnarfundir

Stjórnin hélt 1 stjórnarfund á tímabilinu á fjarfundarsniði.

Á fundi 7. maí var aðalfundur undirbúinn, farið yfir þjóðlendumál, jarðalög, fund hornstrandanefndar í janúar og fl.

3. Hornstrandanefnd

Í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins, Hornstrandanefnd, sátu á tímabilinu sem fulltrúar LSG Ingvi Stígsson, Sölvi Sólbergsson og Margrét Katrín Guðnadóttir. Fulltrúar Ísafjarðarbæjar voru Andrea Sigrún Harðardóttir og Gauti Geirsson. Fulltrúi Umhverfisstofnunar var Kristín Ósk Jónasdóttir, umsjónarmaður friðlandsins.

1 fundur var haldinn í Hornstrandanefnd á tímabilinu.

Á fundi 16. janúar var farið yfir helstu framkvæmdir sumarið 2023, s.s. uppsetning bryggju á Hesteyri, lagfæringar á brúm, göngustígum og endurhleðslur á vörðum. Fjölgun kamra og borðakaup.

Þá var farið yfir hvaða verkefni fyrir sumarið 2024 hafa nú þegar fengið tryggt fjármagn. S.s. uppsetning skilta á Stekkeyri, Straumnesfjalli og í Höfn, lagfæring á göngustígum og vörðum. Frágangur við bryggju. Endurnýjun glugga í Búðinni.

Farið var yfir þær umsóknir sem sendar voru inn í Innviðasjóður haustið 2023. Ekki verður úthlutað úr sjóðnum fyrr en á vormánuðum 2024.

Fjallað um verkefni sem býður, þar sem ekki hefur verið lokið við skipulag. Samþykkt að vera í sambandi við skipulagsnefnd Ísafjarðarbæjar til að ítreka mikilvægi málsins.

Unnið var að endurnýjun aðgerðaráætlunar fyrir Hornstrandir. En í haust þarf að vera tilbúin ný aðgerðaráætlun.

4. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar gildi til 2020. Vinna við endurskoðun á því hófst seint og gengur hægt. Búið var að halda fjarfundi 2020 fyrir Hesteyri, Sæból og Látra þar sem landeigendum var boðið að mæta.

Síðan þá hefur ekkert lítið gerst og ljóst er að endurskoðunin er talsvert á eftir áætlun. Skv. síðustu upplýsingum er búið að finna nýjan aðila til að halda áfram með vinnu við aðalskipulagið og standa vonir til að sú vinna fari af stað síðsumars og verður haldið áfram þar sem frá var horfið 2020.

5. Þjóðlendar

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins lagði fram kröfur um þjóðlendar haust 2020. Kröfurnar eru víðfemur og þó að á fundum 2019 hjá LSG hafi verið bent á að þær gætu orðið meiri en á fyrri svæðum þá fóru þær fram úr öllu sem búið var við. Þrennt olli:

- Ný lögmannsstofa, sem er e.t.v. að finna svolítið upp hjólið að nýju
- Bruni skjalasafns sýslumannsins á Ísafirði 1924, en 29. febrúar það ár brann fangahúsið á Ísafirði og með því skjalageymsla sýslumanns og bæjarstjórnar
- Sléttuhreppur varð mannlaus 1952 og engin sveitarstjórn starfandi eftir það

Flestir landeigendur gerðu gagnkröfur. Undantekningar eru ríkið í tilfelli Staðar í Aðalvík, Hlöðuvíkur, Hælavíkur og Látravíkur og landeigendur í Skáladal. Við aðalmeðferð í september og október var eitthvað dregið úr kröfum ríkisins, en minna en vonir stóðu til.

Ríkið dró t.d. úr kröfum eftir að landeigendur á Horni í Hornvík lögðu fram gagnkröfur með gögnum. Eins dró það til baka kröfur varðandi Látravík og uppfærði kröfur sínar í janúar og mars. Úrskurðir voru kveðnir upp í ágúst 2023.

Skemmst er frá því að segja að ríkið fór sneypuför.

- Þjóðlenda er á Grænuhlíð og eitthvað inn á Lækjarfjall.

- Engin þjóðlenda er milli Sléttu annars vegar og Staðar og Þverdals hins vegar.
- Kröfum um að Hvestudalur í Fljótavík yrði þjóðlenda var hafnað.
- Kröfum um þjóðlendu í Hesteyrarfirði var hafnað
- Almenningar vestari voru viðurkenndir sem þjóðlenda, en engin gagnkrafa var frá landeigendum í kring.
- Kröfum við Marðareyri í Veiðileysufirði var hafnað
- Kröfum við Steig í Veiðileysufirði var hafnað
- Kröfum vegna Hlöðuvíkur var hafnað
- Hælavíkurbjarg er þjóðlenda
 - Kröfum vegna Hælavíkur að öðru leyti var hafnað.
- Kröfum vegna Kvía í Lónafirði var hafnað
- Kröfum vegna Álfsstaða var hafnað
- Kröfum vegna Hafnar í Hornvík var hafnað
- Hornbjarg er þjóðlenda
 - Krafa vegna Horns í Hornvík var að öðru leyti dregin til baka
- Kröfum vegna Látravíkur var dregnar til baka
- Kröfum vegna Smiðjuvíkur var hafnað
- Kröfum vegna Bolungarvíkur var hafnað
- Kröfum vegna Bjarnarness voru samþykktar

Ríkið miðað almennt við 400 m og 200 m hæðarlínu, nema í tilviki Horns, þar var miðað við 100 m hæðarlínu. Óbyggðanefnd hafnaði þessu sjónarmiði 2000, strax á fyrsta svæðinu sem var tekið til meðferðar.

6. Stjórnunar- og verndaráætlun

Eins og áður sagði er komið að nýrri aðgerðaáætlun fyrir stjórnunar- og verndaráætlunina. Mörgum verkefnum úr aðgerðaráætlun 2019-2023 er lokið. Til dæmis þjónustuhús fyrir landvörð á Hesteyri, viðhald á vörðum stendur yfir og lagfæringar á stígum. Utan aðgerðaáætlunar hafa komið verkefni eins og brú yfir Staðará. Síðasta sumar var sett upp bryggja á Hesteyri og unnið að ýmsu viðhaldi:

- Hornvík og Hlöðuvík - bætt aðstaða við tjaldstæði
- Brú yfir Skorará
- Bryggjan á Hesteyri
- Brúin yfir Staðará
- Vörðuhleðsla á Atlaskarðs og Skálakambs
- Drenun á göngustígum í Hornvík og Veiðileysufirði

Svæði í Hornvík voru metin með sérfræðing.

Fyrir sumarið er búið að tryggja fjármagn í uppsetningu skilta á Stekkeyri, Straumnesfjalli og við Höfn. Unnið verður í lagfæringum á göngustígum og vörðum og gengið frá við bryggju.

LSG hvetur þá sem verða á ferðinni í sumar að hafa augun opin og koma með ábendingar um það sem betur má fara og ástæða sé til að koma í næstu aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2029.

Í haust verður þarf ný aðgerðaráætlun að vera tilbúin.

7. Jarðalög

Í vetur kom ábending varðandi breytingu á jarðalögum sem gekk í gegn 2022, um forkaupsrétt sameigenda. Hefur þetta valdið því að landeigendur hafa átt í erfiðleikum með að láta eigendaskipti ganga í gegn þegar um er að ræða fyrirfram greiddan arf og á sama hátt hefur erfingjum verið neitað um gera eigendaskipti frá dánarbúum. Forkaupsréttur gildir við ákveðin skilyrði gagnvart lögaðilum líka.

Síðla vetrar gekk dómur og segir m.a. í dómnum: „Með heildstæðu mati á öllu framangreindu er það niðurstaða dómsins að ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 um forkaupsrétt sameigenda þegar um er að ræða að þinglýsa eigi skiptayfirlýsingu dánarbús séu það óskýr að ekki verði á þeim byggjandi um höfnun þinglýsingar.“

Í þessum breytingum á jarðalögunum komu líka greinar varðandi breytingu á fyrirsvari jarða í sameign, boðun funda og ákvörðunartöku. Um leið var fellt úr gildi eldra ákvæði um fyrirvar jarða í sameign.

Svo er reyndar áhugaverð spurning með jarðalögin hversu mikið þau gilda í friðlandinu, því þar er enginn landbúnaður, sbr. 2. gr. „**Það gildir þó ekki um lóðir undir sumarbústaði** án tillits til þess hvort þær eru í skipulögðu sumarbústaðahverfi og heldur ekki landspildur á svæðum sem skipulögð hafa verið fyrir aðra starfsemi en landbúnað.“ og 3. gr. „**Undanskilið ákvæðum þessara laga er jarðir**, annað land, fasteignir og fasteignaréttindi í þéttbýli **sem skipulagt hefur verið fyrir aðra starfsemi en landbúnað** með skipulagi staðfestu og/eða samþykktu af skipulagsyfirvöldum í samræmi við ákvæði [skipulagslaga].“

Viðhengi

Fundargerðir stjórnarfunda Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps

Sjá

https://hornstrandir.is/landeigendafelag_slettu-og_grunnavikurhrepps/fundargerdir_stjornarfundar/

Fundargerðir Hornstrandanefndar

Sjá

<http://www.umhverfisstofnun.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vestfirdir/hornstrandir/hornstrandanefnd/>

Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps
Rekstrarreikningur
1.1.2023-31.12.2023

Tekjur

Árgjald og innheimtugjöld	52.200 kr.
Ógreidd félagsgjöld	172.800 kr.
Vaxtatekjur	107.071 kr.
Tekjur samtals	332.071 kr.

Gjöld

Vefur	11.212 kr.
Fundarkostnaður	- kr.
Þjónustugjöld og póstkostnaður	965 kr.
Fjármagnstekjuskattur	23.555 kr.
Gjöld samtals	35.732 kr.

Rekstrarafgangur **296.340 kr.**

Efnahagsreikningur
31.12.2023

Eignir

Átthagafélag Sléttuhrepps í Reykjavík	9.137 kr.
Átthagafélag Sléttuhrepps á Ísafirði	9.137 kr.
Grunnvíkingafélagið á Ísafirði	9.137 kr.
Óreidd félagsgjöld	172.800 kr.
Veltureikningur	467.363 kr.
Vaxtareikningur	1.625.014 kr.
Eignir samtals	2.292.588 kr.

Skuldir og eigið fé

Skuldir	- kr.
Eigið fé	2.292.588 kr.
Skuldir og eigið fé samtals	2.292.588 kr.


Höfuðstóll

Höfustóll 1.1.2023	1.969.316 kr.
Rekstrarafgangur	296.340 kr.
Höfustóll 31.12.2022	2.265.655 kr.

Við höfum athugað reikningana og gerum ekki athugasemdir

Reykjavík, 26.05 2024

Jónína Vala Kristinsdóttir, skoðunarmaður reikninga



Margrét Katrín Guðnadóttir, gjaldkeri

Unnur Friðriksdóttir, skoðunarmaður reikninga



Ingvi Stígsson, formaður

Adalfundur LSB 26. maí 2024

Kelshöfudvegur

Sigrún Þorvaldsdóttir

Guðmundur Páll Jónsson

Ólafur Guðmundsdóttir

Mattildur Guðný Guðmundsdóttir

Gylfi Magnússon

Þórunn S. Jónsson
Þórunn H. Jónsson

Hilmar R. Þóroddsson

Hilmar Jónsson

Lis Þryg Kjartansdóttir

Þórunn Oddgeirsdóttir

Þórunn Jóhannsdóttir

Margrét Guðmundsdóttir

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ari Ólafsson

Hilmar J. Benediktsson

Sigrún H. Þóroddur

Ólafur Jónsson

Sólveig Sólveigsdóttir

Ólafur Ólafsson

Margrét Guðmundsdóttir